



# Kosningabæklingar, kosningaáróður 1937 – 1942, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Kosningabæklingar – Kosningaáróður – Sjálfstæðisflokkurinn –  
Alþingiskosningarnar 1937 – Ólafur Thors – Stefán Jóhann Stefánsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-41, Örk 1



# *Beztu jóla- og nijársóskir*



*Landsmálafélagið Vörður óskar yður  
gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs!*

*Við þökkum  
einhug og samstarf félaganna á liðnu ári.*

*Megi samhugur Sjálfstæðismanna  
efla Vörð i baráttunni fyrir  
sjálfstæði og frelsi.*

**STJÓRN VARÐAR.**



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

STEÐNA  
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS  
Í  
DÝRTÍÐARMÁLUNUM

# Sjálfstæðismenn!

SAMEINIST TIL BARÁTTU FYRIR EFNA-HAGSLEGU ÖRYGGI OG SJÁLFSTÆÐI ÞJÓÐARINNAR.

## Sjálfstæðismenn!

FYLKIÐ LIÐI GEGN ÁBYRGÐARLEYSI OG LÝÐSKRUMI ALPÝÐUFLOKKSFORKÓLF-ANNA OG KOMMÚNISTANNA, SEM STEFNIR FRAMTÍÐARÖRYGGI ÞJÓÐARINNAR Í VOÐA.

## Sjálfstæðismenn!

SVARIÐ HINUM NASISTISKU OG KOMMÚNISTISKU OFBELDISAÐGERÐUM RAUÐLIÐA AÐ AFNEMA PRENTFRELSI Í LANDINU MEÐ FORDÆMINGU!

**Sigur Sjálfstæðisflokkssins er sigur  
lýðræðis og öryggis í landinu.**

## Á að stöðva dýrtíðarflóðið?

Útvarpsræða formanns Sjálfstæðisflokkssins Ólafs Thors atvinnumálaráðherra 8. janúar 1942  
í sambandi við bráðabirgðalög um gerðardóm í kaupgjalds-  
og verðlagsmálum.

### Dýrtíðin þjóðarböl.

Um fátt hefir verið meira rætt og ritað hér á landi síðastliðin tvö ár, en það, hver höfuðnauðsyn það sé, að eigi sé látið skeika að sköpuðu um vaxandi dýrtíð í landinu, og um ekkert hafa menn verið jafn ásáttir sem það, að löggjafar og framkvæmdarvaldinu bæri rik skylda til þess að hefja öfluga baráttu í því skyni að freista þess að fá reista rönd við áframhaldandi aukningu dýrtíðarinnar.

Fyrir þessu hvorttveggja hafa verið færð mörg óyggjandi rök. Tel eg enga nauðsyn að endurtaka þau að þessu sinni. Eg læt nægja að byggja á þessu tvennu, sem alþjóð veit og játar:

1. vaxandi dýrtíð er þjóðarböl.
2. ríkisvaldinu ber að skerast í leikinn, og freista þess að stemma stigu við vexti dýrtíðarinnar.

Prátt fyrir þessar viðurkenndu staðreyndir verður að játa, að allt frá ófriðarbyrjun og fram á þennan dag, hefir dýrtíðin í landinu farið jafnt og þétt vaxandi, án þess að ríkisvaldið hafi enn þá skorist í leikinn. Að sönnu hafa tvö þing fjallað um málið. Hið fyrra setti dýrtíðarlög. Þau reydust a. m. k. ónóg og voru aldrei framkvæmd. Hið síðara var kvatt saman beinlinis til að ráða fram úr málinu. Það tókst sem kunnugt er ekki, og hefir svo staðið til þessa dags.

## Frelsi meðan unt er.

Ástæðan til þessa er, eins og fyrr, að sitt sýndist hverjum um það, hversu fljótt og í hve ríkum mæli bæri að beita löggjafarvaldinu. Framsóknarflokkurinn vildi þá þegar lögfesta margt af því, sem nú hefir verið lögfest í lögum þeim, er lessin hafa verið upp hér í útvarkinu í kvöld og sumt annað, en þó með öðrum hætti. Sjálfstæðismenn töldu þá ekki nauðsynlegt að lögbinda kaupgjald og afurðaverð, og myndu heldur ekki, — enda þótt þeir hefðu aðhyllost að lögbinda þetta — hafa getað fallist á tillögur Framsóknarflokksins eins og þær lágu fyrir.

Sjálfstæðisflokkurinn taldi, að takast mætti á grundvelli gildandi laga að stöðva dýrtíðina, að því tilskyldu, að launþegar sýndu þann þegnskap að una óbreyttu grunnkaupi gegn því að fá dýrtíðina bætta að fullu eftir verðvísitölunni. — Tók flokkurinn að sér að rannsaka hvað tvö stærstu verklýðsfélög landsins, Dagsbrún i Reykjavík og Hlíf i Hafnarfirði, hyggðust fyrir í þeim efnum, en ráðherra Alþýðuflokksins skyldi afla upplýsinga varðandi þau félög, sem

eru í Alþýðusambandinu. Úr þáðum áttum komu skilaboð um að engar kröfur væru væntanlegar um hækkað grunnkaup, eða a. m. k. ekki svo, að nein áhrif gæti haft til aukinnar dýrtíðar. Taldi Sjálfstæðisflokkurinn sig því mega **treysta** því, að óhætt myndi að láta fullt frelsi ríkja um kaupgjaldið, sem og því, að verðlagsnefndirnar hefðu hóf á innlendu afurðaverði, og gerði því engar tilraunir til að ná samkomulagi um frumvarp Framsóknarflokksins, heldur beitti flokkurinn sér gegn lögfestingu á því stigi málsins. Hins vegar tók flokkurinn alveg skýrt fram, að sú aðstaða byggist á fullu trausti á þegnskap launþega um að gera engar kröfur um hækjun á grunnkaupi. Og í framsöguræðunni, sem flutt var af hálfu flokksins við 1. umraðu málsins í neðri deild Alþingis, þar sem gerður var samanburður á frjálsu leiðinni og lögfestingu, segir á þessa leið:

„Ef hægt er að tryggja að grunnkaup hækki ekki svo neinu nemi, sýnist mögulegt að ná öllu því sama, án nýrrar lagasetningar.“

Og enn fremur:

„Þótt Sjálfstæðisflokkurinn óski eftir að þetta mál verði leyst með frjálsum samtök-

um, þá liggur ekki í því nein synjun um að leggja inn á lögþvingunarleiðina, ef annað reynist árangurslaust.“

Hér eru tekin af öll tvimæli. Annarsvegar: Full dýrtíðaruppþót. Engin löggjöf. En með því skilyrði, að grunnkaup sé óbreytt.

Hinsvegar: Sé krafist hækjunar á grunnkaupi, er flokkurinn reiðubúinn að taka til athugunar lögfestingu, í því skyni að stöðva dýrtíðina.

Þetta var aðstaða Sjálfstæðisflokkurinn til dýrtíðarmálanna á síðasta haustþingi. Úrslitin urðu þau, sem kunnugt er, að engin löggjöf var sett.

## Pegnskapurinn brást.

Það kom nú brátt í ljós, að lægst launuðu verkamennirnir, félagar í Dagsbrún og Hlíf, sýndu þann þegnskap gegn þjóðfélaginu, að gera engar kröfur um hækkað grunnkaup, og var því að sjálfögðu þess vænst, að þeir, er við betri kjör áttu að búa, myndu gera slikt og hið sama.

En þetta hefir, því miður, farið á aðra leið.

Skömmu fyrir áramót báru nokkrar fremur fámennar stéttir íðnaðarmanna fram kröfur

um mjög stórvægilegar launa- og kjarabætur, og heimta þessir menn frá 20—30% hækjun á grunnkaupinu. Um þessar kröfur náðist a. m. k. ekki fullt samkomulag, og hófu íðnaðarmenn þessir verkfall frá áramótum, í því skyni, að knýja fram kröfur sinar. Er þá komið í ljós, að þeir, sem berjast vilja gegn vaxandi dýrtíð, mega ekki lengur leyfa sér það, sem þeir þó hefðu langhelst kosið, að láta óskert fult frelsi í kaupsamningum.

Iðnóstettir þær, sem hér eiga hlut að mál, eru prentarar, skipasmiðir, járníðnaðarmenn, rafvirkjar og ef til vill fleiri. Þykir mér rétt að nefna hér nokkrar tölur til þess almenningur í landinu geti átt að sig á afkomu og afkomuhorfum þeirra, er hlut eiga að mál.

Eg hefi fengið skýrslu um raunderulegar tekjur allra þeirra, er á síðasta ári unnu hjá einni af vélsmiðjunum og einni prentsmeðjunni.

Um kaup járníðnaðarmanna er þetta að segja:

Sá, er minnst ber úr býtum, hafði í tekjur 8231 kr. Fái hann fullnægt kröfum sinum, og verði vinnan jöfn á þessu sem síðasta ári, myndi kaup hans á þessu ári verða 11.235 kr., þar af aukavinna 1.900 kr.

Sá, er mest bar úr býtum, hafði yfir árið 13.097 kr. Fái hann uppfylltar kröfurnar, og verði vinnan eins, veður kaup hans á þessu ári 17.827 kr., þar af aukavinna 8.900 kr.

Lægst launaði prentarinn hafði 7.800 kr. Myndi fá 9.300 kr.

Sá hæstlaunaði hafði 13.469 kr. Myndi fá 16.919 kr., þar af aukavinna 6.800 kr.

Hakki visitalan á árinu frá síðustu visitölu, hækkar kaup hans að sama skapi.

Hér eru ekki taldir þeir, er sérkjara njóta og hafa hærra kaup en þetta.

### Nýtt dýrtíðarflóð eða lög-gjöf.

Eins og eg áður tók fram, hafa lægst launuðu verkamennirnir unað óbreyttu grunnkaupi. Þeir verkamenn, er nú hafa gert verkfall, bera það mikið úr býtum, að óhugsandi er að þeir einir fái stórhækkað grunnkaup. Fái þeir kröfum sinum framgengt, munu allir aðrir fylgja í kjölfarið, þó síðar verði. Gegn því getur heldur enginn sanngjarn maður barist. En afleiðingin er alveg óhákvæmilega sú, að ný dýrtíðaralda flæðir yfir landið.

Hér er því aðeins um tvennt að velja.

Annað hvort er að horfast i augu við vaxandi dýrtíð, sem síðar hlýtur að leiða til mikilla og kannske lítt viðráðanlegra örðugleika, jafnt fyrir atvinnurekendur sem verkamenn, og raunar þjóðfélagið í heild, eða gripa verður til úrræða, sem talið er að fái stöðvað flóðið, enda þótt menn helzt hefðu kosið að hjá því yrði komizt.

Sjálfstæðisflokkurinn hefir kosið síðari kostinn, enda varð flokkurinn að gera það, ef hann vildi vera sjálfbum sér samkvæmur og í samræmi við fyrri aðstöðu sína til málsins.

Sjálfstæðisflokkurinn héfir því, ásamt með Framsóknarfloknum, beitt sér fyrir lög-gjöf þeirri, er lesin hefir verið hér í útvæpið í kvöld.

### Full dýrtíðaruppbót.

Meginefnið er, að verðlag á innlendum og erlendum vörum og grunnkaup haldist óbreytt. Þó skal sérstökum gerðardómi heimilt að **hækka** grunnkaup, ef sérstaklega stendur á, til lagfærings og samræmingar, og **hækka** vöruberð í samræmi við breytingar á tilkostnaði. Enn fremur eru menn beðnir að

gæta þess, að eftir sem áður skal greiða fulla og óskerta dýrtíðaruppbót í samræmi við visitöluna, svo sem verið hefir. Í því sambandi þykir mér rétt að geta þess, að eg hefi engan hitt, sem mótmælir því, að vegna framtíðarheilla þjóðfélagsins sé æskilegt að grunnkaup haldist óbreytt. En hins vegar telja margir, að visitalan sé skakkt út reiknuð, og vilja að það mál sé gerathugað. Tel eg ekkert því til fyrirstöðu, ef sýnt þykir, að þær óskir séu almennar, því að sjálfsagt er að bæta mönnum dýrtíðina að fullu, eins og hún er í raun og veru.

fyrir að hafi frá 9—15 þús. kr. í tekjur á þessu ári, fái 11—18 þús. kr. Það, sem haft er á oddi, er talið betur fallið til æsinga og blekkingar. Það er sjálfur hinn helgi samningsréttur, sem nú á að hitta í hjartastað. — Kutinn heitir: Gerðardómur.

### Gerðardómur. Fordæmin.

Eg tel því rétt, að fára nokkur rök fyrir réttmæti gerðardóms, svo sem nú er málum komið í þjóðfélaginu.

Til fróðleiks get eg þess fyrst, að hér á landi hefir vinnudeila a. m. k. tvívar áður verið sett niður með gerðardómi, og það áður en ófriðurinn brauzt út. Sættu aðilar sig eftir atvikum vel við lausn málsins, einkum eftir að hugir manna tóku að róast að deilulokum, en alþjóð fagnaði úrslitunum.

Þá þykir ef til vill einhverjum máli skifta, að þjóðþing Dana hefir hvað eftir annað, undir forystu hins mikils metna jafnaðarmanna foringja, Staunings, lögskipað gerðardóma, til þess að gera um kaupdeilur, og hefir þó enn oftar hið sama verið gert í Noregi, einnig fyrir forystu jafnaðarmannna þar í landi. Slikt hið sama mun mega

segja um fjölmargar aðrar þjóðir.

Það er því staðreynd, að ekki eingöngu hafa þær þjóðir, sem að hugsunarhætti eru okkur likastar, og sett hafa sér svipuð stjórnskipunarlög, sem við, hvað eftir annað gripið til gerðardóms til þess að jafna kaupdeilur, heldur höfum við einnig sjálfir gert það.

Og þetta hafa þessar þjóðir og við gert á timum friðar og jafnvægis, áður en umbrot og öldurót ófriðaris færðist yfir.

### Jafnvægi á friðartínum.

Það má vel játa, að á venjulegum tínum ber löggjafanum að forðast til lengstra laga að taka sjálfsákvörðunarréttinn af aðilum í kaupdeilum. Svo lengi sem auðið er, ber að láta menn einráða í þeim efnum. En þetta á miklu síður við nú en þá, þótt einnig nú hafi hér á landi verið reynt til hins ýtrasta að forðast afskifti af hendi hins opinbera.

Þetta er auðvelt að rökstýðja.

Á venjulegum tínum er almenna reglan þessi: Verkamaðurinn sækir á svo langt, sem hann kemst. Atvinnurekandinn, hins vegar, andæfir eftir því, sem hann telur sér nauðsynlegt

og fært. Að lokum takmarkast kaupgjaldið svo af gjaldgetunni. Sé verkalýðurinn til lengdar of kröfuharður, kemur það fram i hrungi atvinnurekstursins, sem aftur leiðir til þess, að atvinnan minnkar.

Þetta er så hemill, sem báðir aðiljar þekkja, og forðast að sprengja, þegar allt er með felda. Þess vegna þarf hvorki löggjafinn, né má, hrifsa til sín völd yfir þessum málum, nema þegar alveg sérstaklega stendur á.

### Hemillinn brotinn.

Nú aftur á móti er allt fært úr venjulegum skorðum, og þessi hemill í mörgum tilfellum ekki að eins veiktur, heldur með öllu burtu numinn.

Nú eru nefnilega atvinnurekendur og verkamenn oft ekki lengur gagnaðilar í slikum samningum, heldur samherjar, sé miðað við augnablikshaginn. Nú græða atvinnurekendur oft ekki því minna, sem verkamenn fá hærra kaup, heldur græðir atvinnurekandinn nú oft því meir, sem kaupgjald verkamanna hækkar. Af þessu leiðir auðvitað, að mjög hefir dregið úr því öryggi, sem liggur í því,

að þessir tveir aðilar — sem venjulega deila um skiftingu arðsins, en mælast þó í því að atvinnureksturinn beri sig — eigist við einir. Eigi því ekki allt að hafna í stjórnlausu kapp-hlaupi á feigðarbraud vaxandi verðbólgu, er siðar leiðir til algers hruns, verður þjóðfélagið að skipa nýjan gagnaðilja, sem heldur jafnvægi milli hagsmunu heildarinnar annars vegar, en sameiginlegra hagsmunu bæði atvinnurekenda og verkamanna hins vegar.

Hér skal nefnt aðeins eitt af mörgum dæmum þessu til skýringar.

Fyrir striðið þurftu vésmiðjurnar að keppa við erlendar smiðjur um kostnað við viðgerð á islenzkum skipum. Þegar starfsmenn smiðjanna þá kröfðust kauphækkunar, vissu smiðjurnar að sérhver kauphækkun rýrði gróða eða jök tap þeirra, og stóðu því eftir mætti í gegn kröfunni. Hins vegar vissu járnidnaðarmennirnir lika, að yrðu islenzku smiðjurnar ekki samkeppnisfærar, mistu þær af viðgerðunum, en þá þvarr atvinna þeirra, og því stilltu þeir kröfunum í hóf.

**Parna var hemillinn að verki.**

Nú, aftur á móti, fæst litil eða engin viðgerð ytra. Smiðj-

urnar hafa því mikið meira að gera, en þær geta annað. Þær eru því, a. m. k. meðan útgerðin hefir einhverja arðsvon, og jafnvel nokkru lengur, einráðar um verðlag á viðgerðum. Það er föst venja, að smiðjurnar reikni sér vissan hundraðsluta af kaupgjaldi starfsmannanna. Arður þeirra minnkar því ekki, heldur vex hann við hækandi kaup starfsmannna, allt þangað til viðskiftavinirnir gefast upp. En þá verða líka að sjálfssögðu bæði smiðjur og smiðir undir skriðunni.

Hér er hemillinn burt numinn eða mjög veiktur.

Svipað er þetta í mörgum iðnog öðrum atvinnugreinum. Atvinnurekendur gildir ekki aðeins einu þótt kaupið hækki, heldur græða þeir beinlinis á því, vegna þess að þeir hafa aðstöðu til að velta bæði kauphækkuninni og auknum eigin gróða yfir á almenning. Svo er t. d. um klæðskera, sem hækka fataverðið, prentsmaðjur, sem geta hækkað bóka- og blaðaverð, o. s. frv.

Að atvinnurekendur, samt sem áður, ekki ganga að fullum kröfum verkamanna, stafar af því, að þeir sjá að bráðlega skellur aldani bæði yfir þá og verkamenn. En það er auðskilið mál, hver afstöðumunur

er orðinn, þegar það er beinlinis fórn af hendi atvinnurekenda að neita kauphækkunarkröfum verkamanna. Þess vegna þarf svo lítið til að ýta skriðunni af stað.

### Skuldadagarnir.

En afleiðingin hlýtur að verða sú, að hver stéttin eltir aðra, kaupgjaldið haekkar, framleiðslukostnaðurinn vex, afurðaverð haekkar og dýrtiðin hleður stöðugt á sig nýjum kúf.

En svo kemur að skuldadögum, þegar útflutningsafurðirnar risa ekki lengur undir dýrtiðinni. Þá munu falsvonirnar sýna sig í allri sinni nekt, og þá mun mönnum skiljast, að þegar hver stéttin elti aðra í kröfum og kauphækkunum, og þegar kaupið og afurðaverðið voru í kappblaupinu, þegar allir æddu fram í gullleit og gróðavímu, þá fann i rauninni enginn neitt, heldur týndu menn þeim fjármunum, sem hóflegri kröfur og kröftug baráttu gegn dýrtiðinni nú gefa fyrirheit um. Það er í þessum efnum, sem öðrum, að sigandi lukka er bezt. Á árunum 1940 og 1941 hefir græðst. Rikið hefir grætt. Bæjarfélögini hafa grætt. Óteljandi Íslendingar i öllum stétt-

um hafa grætt, og hafa nú bætt efnahag sinn, langt umfram það er nokkrar vonir stóðu til fyrir skemmu. Sé nú stillt í hóf um kröfur, og dýrtið haldið í skefju, helzt mönnum á þeim efnum. En sé látið undan kröfum og allt látið skeika að sköpuðu um dýrtiðina, vakna menn fyrr en varir við, að auðsöfnunin var aðeins hyllingar, og fjármunir eru runnir út í sandinn.

Við höfum enn þá ekki getað selt landbúnaðarafurðrnar. — Hverníg fer, ef þeir samningar takast ekki sæmilega? Sjávarafurðir höfum við að sönnu selt fram til miðs árs, fyrir verð, sem vel er viðunandi, einkum ef miðað er við framleiðslukostnað, eins og hann var, þegar salan fór fram. Siðan hefir kostnaðurinn vaxið. Eg lét liggja milli hluta, hver afkoma útvegsins verður, annnarra en þeirra, sem sigla með afla til Englands, og enn hagnast mjög vel. En eg bendi á, að það eru sömu mennirnir, sem mest hafa haldið því á lofti, að útgerðin geti ekki borið sig, vegna þess hve verðlagið sé lágt, sem nú krefjast þess, að almenn kauphækkun verði í landinu, frá 20—30%.

Hvað vakir fyrir þessum mönnum?

Stefna þeir beinlinis að því,

að skapa hér nýja öld hruns, atvinnuleysis og hörmunga? — Eða skilja þeir ekki, að öll kauphækkun lendir á framleiðslunni? Vita þeir ekki, að við ráðum ekki einir afurðaverðni? Er þeim ekki ljóst, að útgerð, sem þeir sjálfir telja að geti ekki borið sig, að óbreyttu kaupgjaldi, hlýtur að stöðvast ef hún á að bæta á sig 20—30% hækkan á kaupgjaldinu.

Og hvernig fer, ef framleiðslan stöðvast?

Þá byrja kaupdeilur. Tímakaupið lækkar kannse lítið. En tímunum fækkar. Verkamenn skilja af fyrri reynslu hvað það þýðir. Og hverjum selja bændur kjötið, þegar kaupgetan við sjávarsíðuna þverr, og ríkissjóð skortir fé til hjálpar?

Nei, bölvun sú, er við blasir, ef dýrtiðin leikur lausum hala, er því geigvænlegri, sem boginn er spenntur herra.

Allt þjóðfélagið verður í voða statt, en engir fremur eða meir en þessar tvær fjölmennustu stéttir, bændur og verkamenn.

### Alþýðuflokkurinn lögfesti kauplækkun.

Það er þetta ból, sem verið er að berjast gegn. Það er í því skyni, að vinna bug á því, að

nú er reynt að stöðva verðlag á vörum og vinnu, með því að fela gerðardómi að úrskurða, að verðlag breytist ekki, nema að tilkostnaður hafi vaxið, og að hækkan verði ekki á grunnkaupi, nema til lagfæringar og samræmingar, en hins vegar fái menn fullar uppbaetur fyrir dýrtiðina.

Pá, sem nú sýna gerðardóms-hugmyndinni andúð, þykir rétt að minna á það, að árið 1939 setti Alþýðuflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn lög um að fella gengi krónunnar. Af gengisfallinu leiddi að sjálfsögðu vaxandi dýrtið. En í þessum sömu lögum var grunnkaupið fest, og það meira að segja þannig, að kaupið mátti ekki hækka í hlutfalli við dýrtið, heldur skyldu hinir lægst launuðu aðeins fá  $\frac{2}{3}$  hluta af dýrtiðinni, en hinir betur settu, svo sem þeir sem nú hafa gert verkfall, mikið minna.

Í þeim lögum var þess vegna eigi aðeins grunnkaupið lög-bundið, heldur var kauplækkun lögfest. Og það var Alþýðuflokkurinn, sem þessu réði þá, ásamt Framsóknarfloknum og Sjálfstæðisfloknum. Nú aftur á móti er það gert að höfuð-agreiningi, að gerðardómur má ekki ákveða kaupgjaldið,

þar sem því er slegið föstu, að grunnkaupið lækki ekki, heldur megi það undir sérstökum kringumstæðum hækka, og svo skuli goldin full dýrtíðarupp-bót ofan á allt saman.

Og af hverju halda menn að Alþýðuflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið svona hjartanlega sammála um það 1939, að lækka gengið, lögusta grunnkaupið og banna að bæta dýrtíðina að fullu, sem er sama og grunnkaupslækkun? Hvernig stendur á því, að allir þessir flokkar taka höndum saman um það, ekki aðeins að lögusta kaupgjald, heldur lika að lögusta kauplækkun?

Það var af því, að þeir viðurkenndu allir, ekki bara Framsóknarflokkurnin og Sjálfstæðisflokkurinn, heldur einnig Alþýðuflokkurinn, að grunnkaupið var orðið of hátt. Hærra, en framleiðslan fengi risið undir.

Nú aftur á móti skerst einn þessara flokka úr leik, út af því, að grunnkaup er ekki látið hækka taumlaust, eftir frjálsu samkomulagi þeirra atvinnurekenda og verkamanna, sem háðir græða jafnt á hækkinni, — i bili.

Sá, sem vissi 1939, að grunnkaup var orðið of hátt hér á

landi, hann veit að hið sama hlýtur að koma í ljós um eða fyrir ófriðarlokin. Með því að styðja grunnkaupshækkanir er verið að bjóða heim kaupdeilum, hruni, atvinnuleysi, eymd og bölvun. Það græðir enginn á því. Það tapa allr á því, um það er lýkur. Þess vegna hafa allar aðrarr þjóðir spornað gegn dýrtíð með þeim ráðum, sem hér er bent á. En sé þetta alls staðar annars staðar talið til blessunar, til blessunar fyrir verkamenn og aðra launajörguna, til blessunar fyrir bændur, til blessunar fyrir aðra atvinnurekendur og til blessunar fyrir þjóðfélagið í heild, hvernig í ósköpunum getur það þá verið Íslendingum til bölvunar, og eingöngu skellt á af einskærri illgirni og mannvonsku?

### Kröfurnar skiljanlegar.

Ef til vill finnst einhverjum, sem á mál mitt hlýðir, sem eg hafi sýnt þeim litinn skilning, er kauphaekkunarkröfurnar gera. Sé svo, er það ekki af því, að eg skilji ekki þeirra hugsunarhátt. Þeir sjá atvinnufyrirtækin græða — sum mjög mikil. Þá langar að deila gróðanum. Fá sjálfir stærri hlut af

striðsgróðanum. — Ekki af því að þess sé endilega þörf i bili, heldur af því, að þeim sýnist atvinnurekendur vel mega missa nokkurn hluta af sínu.

Þetta er ofur skiljanlegt. En eg vona að menn falli frá slikeum kröfum, þegar þeim skilst, að þær stefna í beinan voða, og bitna ekki fyrst og fremst á atvinnurekendum, sem með því móti að eins auka gróða sinn, heldur fyrr en varir á þem sjálfum og þjóðinni í heild.

Sé arður atvinnurekenda óeðlilegur, hefir rikið alltaf í hendi sér að taka þann skerf með sköttum, sem það telur nauðsynlegt til þess að sjá fyrir þörfum almennings, m. a. þeim þörfum, að halda uppi atvinnurekstri, þegar örðugleikarnir hefjast að nýju. Og það á og mun rikið gera.

### Velsæld. — Voði.

Okkur Íslendingum liður nú langtum betur en öllum öðrum þjóðum álfunnar. Búum einir við allsnægtir, meðan þrengingar og þrautir þjá aðra. Ef það sannast, að okkur skorti þroska til þess að forðast, að opinberar ráðstafanir, — sem gerðar

eru af góðum huga, og sterki löngun til þess að vernda almenning gegn afleiðingum verðbólgu og hruns, — valdi hér mikilli misklíð og jafnvel vandræðum, má svo fara, að á okkur sannist, að hver er ekki að eins sinnar hamingju smiður, heldur og sinnar óhamingju smiður.

Eg vil að lokum beina þessum fáu orðum til flokksbraeðra og systra minna í Reykjavík og um land allt:

Við, sem stöndum í forystu flokksins, vitum vel, að reynt verður að æsa menn til anstöðu við þessa löggjöf. Það verður reynt að slá á tilfinningarnar og magna með því úlfúð gegn flokknum, einkum nú, þegar kosningar fara í hönd.

Okkur er ljóst að vel getur svo farið, að í bili takist að villa mönnum sýn. En það verður að eins í bili. Bráðlega rennur upp fyrir vitibornum mönnum, að úr því að frjálsa leiðin brást, átti flokkurinn ekkert um að velja. Hann varð að gera það, sem hann nú hefir gert. Annars vegar var stefnt í óefni. Hins vegar: Þessi löggjöf.

Eg treysti því, að Sjálfstæðismenn láti sér skiljast, hversu miklu geðfeldara okkur hefði verið að láta sem fyllst frelsi

ráða í þessum efnum, sem öðrum. Að við, samt sem áður, höfum lagt inn á þessa braut — og það þótt við vitum, að floknum geti í bili stafað nokk-

ur hætta af — ætti að sanna öllum okkar flokksbræðrum og systrum, að við teljum það með öllu óumflýjanlega þjóðarnauðsyn.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum frá 8. janúar 1942.

1. gr. — Ríkisstjórnin skipar 5 menn i gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, og skal einn þeirra skipaður formaður dómsins. Enn fremur skipar ríkissjórnin því, sem ákvæðið er í skipunarbréfinu.

2. gr. — Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dóminum. Áður en dómarar taka sæti í dóminum í fyrsta sinn skulu þeir vinná drengskaparheit að því, að þeir muni rækja starfið eftir beztu vitund.

3. gr. — Allar breytinga á kaupi, kjörum, hlutaskiftum og þóknunum, sem greitt var eða gilti á árinu 1941, skal leggja undir úrskurð gerðardómsins. I úrskurðum sínum skal gerðardómurinn fylgja þeiri meginreglu, að eigi má greiða herra grunnkaup fyrir sams konar verk en greitt var á árinu 1941, en þó má úrskurða breytingar til samræmingar og lagfæringar ef sérstaklega stendur á.

4. gr. — Verkföll og verkbönn, sem gerð eru í því skyni að fá breytingar á kaupi eða kjörum, sbr. 3. gr., eru óheimil frá gildistöku laga þessara og nær þetta einnig til verkfalla, sem þegar eru hafin.

5. gr. — Ríkisstjórnin gefur út skrá um nauðsynjavörur. Vörur þær, sem talðar eru í skránni, má ekki selja herra verði í heildsölu og smásölu en þær voru soldar í árslok 1941. Enn fremur gefur ríkisstjórn-

in út skrá yfir vöur, sem ekki má leggja meira á í heildsölu og smásölu, en gert var í árslok 1941. Gerðardómurinn skal þó, að fengnum til-lögum hlutaðeigandi verðlagsnefnda, ákvæða breytingar á verðlagi þeirra innlendra framleiðsluvara, sem feldar verða undir ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar, í samræmi við breytingar á tilkostnaði við framleiðslu þeirra. Enn fremur er gerðardóminum heimilt, að fengnum til-lögum verðlagsnefnda, að úrskurða breytingar á verði annarra þeirra vara, sem feldar verða undir ákvæði greinarinnar.

6. gr. — Farmgjöld má ekki hækka frá því, sem þau voru í árslok 1941, nema með samþykki gerðardómsins.

7. gr. — Gerðardóminum er heimilt að ákvæða verðlag á innlendum iðnaðarvörum, svo og að ákvæða taxta fyrir viðgerðir, smiði, saumaskap, prentun og því um líkt, í sambandi við álagningu á efnivörur og vinnulauna.

8. gr. — Gerðardómurinn getur krafíð hvern sem er, allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annara gagna, er hann telur nauðsynlegar í starfi sínu, og getur hann falið örðum að afla þeirra gagna.

9. gr. — Allur kostnaður við gerðardóminn greiðist úr ríkissjóði.

10. gr. — Brot á lögum þessum varða sektum frá 100 til 100.000 krónum. Ef félag eða félagsamtök brjóta lög þessi, skal dæma þau í sektir og auk þess stjórnendur þeirra.

11. gr. — Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem allmenn löggreglumál.

12. gr. — Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1942.

# **Sjálfstæðisflokkurinn**

## **vill bægja dýrtíðarbölinu frá dyrum þjóðarinnar.**

- Allsherjar viðbúnaður sé hafinn til þess að stemma stigu við verðbólgunni, síhækandi vörugerði og vaxandi kaupgjaldi, samfara hruni krónunnar.
- Meginreglan sé, að grunnkaup haldist óbreytt í landinu, en má þó, þegar sérstaklega stendur á, hækka til samræmingar og lagfæringar.
- Greidd sé full dýrtíðaruppbót á öll laun, enda fari fram endurskoðun á útreikningi dýrtíðarvísitölunnar.
- Vörugerð og álagning haldist óbreytt að öðru leyti en því, að innlend framleiðsluvara skal hækka í samræmi við aukinn framleiðslukostnað. Verðlagsnefndirnar hafi aðeins tillögurétt um verðlagið, en endanlegar ákvarðanir falli undir úrskurð gerðardóms.
- Með gætilegri fjármálastjórn þess opinbera, bindingu stríðsgróðans í varasjóðum atvinnuveganna og skattlagningu í samræmi við framtíðaröryggi þeirra, sé að því stefnt, að safna fé í sjóði til þess að mæta erfiðleikum þeim á sviði atvinnu- og efnahagsmála, sem ætla má að fylgi í kjölfar styrjaldarinnar.

REYKJAVÍK 1. júlí 1942

# Háttuisti kjósandi!

Hér í bære eiga að fara fram alþingiskommingar 5. júli n.k., eftir 5 ára kjöftimabil. Æstetans til þessa komminga er sú, að Alþýðuflokkurinn fíkki þri til vegar komit að síðasta alþingi, að samþykkt var breyting að stjórnarskránni, sem er nokkrus leitnáttúring að þri rannsókn, er íbúar Reykjavíkur hafa aitt vit að búi. Þessi breyting náði fram að gagna, eftir langt þáf, fyrir hævðfylgi Alþýðuflokkssins, gegn eindegisini auststóru framsóknarslokksins, eftir hik og tóistig Sjálfstæðisflokkssins, og að þess að vart yndi sérstaks áhuga kommisínista. Þessum umboðum

fyrir Reykjavíkinga, er vissulega  
blæt borgit, með því að fylkjá  
sei um Alþjóðflokkinn.

Ið sest mannuði hafa gildt  
heið lög i landi, er barna launa-  
stínumum að bæta kjör sín,  
þrátt fyrir ófsagríða flestra  
atvinnurekenda. Lög persi  
— gjördedinslögin — voru  
sett af Transsíkna- og Sjálf-  
stæðifloknum í Samliningu.  
persi lög en beti fjóles um  
jötþjólda launamanna, auk  
pers sem eru einn hefslu-  
lega brattir. Alþjóðflokknin  
hefur, frá setningu persara  
laga, heft forystu í basátt-  
unni fyrir afrámi þeirra.  
Hver sá kjósanti, er vestri  
afráms persara þrunganar laga,  
ætti að kjóðgei að veita Alþjóðu-

floknum brautargengi.

Besta ráðit til pers að hindra  
verðbólguna og bæta kjör  
launastíttárrna og sparfjásl-  
igenda, er að hækka gengi  
íslensku krónunnar. Alþjóðu-  
flokknin hefur flutt brum-  
varp aí alþingi um gengio-  
hækkan, en aldri flokkas  
smiist óndverði gegn því  
því, sem níðu leggja inn á  
persa leit, rettu að styðja  
Alþjóðflokknin rit kom-  
mingarnar 5. júlí n. k.

Alþjóðflokknin býr mei  
því til reykviskra kjóslinda,  
að aðhuga med ró og still-  
ingu afslátt flokkanna  
til þeirra mál, eim níði eru

eft a' bangi, og lja' þeim  
einum kjöfþylgi, sem ör-  
ugglega hafa séint og  
síma, at þei írja berjast  
þús áhugamálum sínis-  
gnusfundi meiri hluta ibúa  
hjúðstafans.

Vikingasýlfi  
Sigrún Þ. Sigrúnsson

BJARNI BENEDIKTSSON

BORGARSTJÓRI

Reykjavík mars 1942


Háttvint: samþorðani!

Vagna þess frests, sem varð í  
bójanstjórnarbosningunum, hafa  
tekið at skýra málin frá öllum  
hlítum fyrir yfir og örnum  
þreyfubrögnum. Þeg skrifja yfir  
þessum línum sigi til at hefja  
áhrif á döru yfir um stjórn  
bójanmálefnum. Um hana  
vertið hei sjálfun at danna at  
fengnum öllum upplissunum.  
Meið þessum brefi minn vildi eg  
at eins skora í yfir at hona  
og híosa í löyrdag. Færir,  
sem stjórnun bænum, sakja ma-  
lum sitt til yfir og umvara

bjósenda, og á yðum bitum, hvort  
vel eða illa er stjórnat. Þess vegna  
margit eru alls-dokki háðar undin  
höfust leygjast ut meðta athvertis-  
réttum yfir. Þella leyfumt eru  
eftir á at fengastaka sjálfiun  
yfir um, at vegna vanhverfu  
yfir hefti: sá verið borinn,  
sem eru sitt vildut. Skilt er  
annat mið, at personum lega en  
eg rannfarið um, at af allri  
borgarum bæjarins metu fyrst  
met gerðugli framkomin gögn  
og danna síður metu athvert-  
sinn um stjórn bæjarins, þá  
um. Sjálfstæðismenn virru  
um sigrum, en list- þeirra  
au D.-listum.

Vintingen fylgt

Bjarni Benediktsson



HANDBÓK  
FYRIR HVERN MANN  
UM  
KOSNINGARNAR 1937

LEIÐARVÍSIR UM KOSNINGA-  
LÖGIN OG FLOKKASKIPUNINA

# HANDBÓK

## FYRIR HVERN MANN

### UM

## KOSNINGARNAR 1937

LEIÐARVÍSIR UM KOSNINGA-  
LÖGIN OG FLOKKASKIPUNINA

- Skipun Alþingis
- Stjórnmálaflokkarnir
- Skrá yfir frambjóðendur nú  
og við síðustu kosningar  
og atkvæðatölur þeirra þá

*Skrifið kosningauðslitin í auðu dálkana og  
geymið handbókin a til næstu kosninga*

## Hafið þér kosningarétt?

Kosningarétt eiga allir íslenzkir ríkisborgarar, karlar og konur, sem á kjördegi (nú 20. júní) eru 21 árs, hafa verið búsettir hér á landi 5 síðustu árin, hafa óflekkad mannorð og eru fjárráðir.

Til þess að geta greitt atkvæði á kjördegi, verður nafn manns þá að vera innfært í kjörskrána. — Kjörskráin er samin í febrúar á hverju ári, og er skyld að taka á hana nöfn allra þeirra, sem þá eru heimilisfastir í þeiri kjördeild, sem hún nær til, og kosningarétt eiga þá, og í öðru lagi nöfn allra, sem að vísu ekki eiga kosningarétt, þegar kjörskráin er samin, en fá hann áður en kjörskráin gengur úr gildi (22. júní næsta ár), t. d. með því að þeir verði 21 árs einhvern tíma á árinu, eða hafi þá verið full 5 ár í landinu. En rétt til þess að greiða atkvæði á kjördag (20. júní) hafa aðeins þeir af þessum mönnum, sem þann dag hafa fullnægt öllum þessum skilyrðum: eru 21 árs íslenzkir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi, með óflekkad mannorð og þá komnir á kjörskrána. Þess vegna er svo áriðandi fyrir hvern þann, sem ætlar að greiða atkvæði á kjördag, að ganga úr skugga um, að nafn hans sé á kjörskránni. Kjörskráin er því latin liggja frammi öllum til sýnis, sem vilja, í 2 mánuði fyrir kjördag. Hún liggur nú t. d. frammi á kosningaskrifstofu Alþýðufloksins, í Alþýðuhúsinu, 2. hæð. Sími 2931. Snúið yður þangað og látið aðgæta, hvort nafn yðar er á skránni. Ef það er þar athugasemdalaust,

hafið þér kosningarátt 20. júní. Ef það er með athugasemd, segir hún til hvort þér fáið atkvæðisrétt. Ef það er þar ekki, verðið þér strax að gera yðar ráðstafanir, með aðstoð kosningaskrifstofunnar, sem verður fúselega latin í té.

## Kærur yfir kjörskránni.

Hver sem vill getur kært yfir því, ef nafn hans eða einhvers annars vantar á kjörskrána eða er þar ofaukið. Kéran verður að vera komin til oddvita hreppsnefndar eða bæjarstjórnar (í Reykjavík borgarstjóra), þegar 3 vikur eru til kjördags. (Nú 30. maí). Fyrir þann tíma þarf því hver einasti kjósandi að hafa gengið úr skugga um það, að hann sé á kjörskránni. Jafnvel þótt hann hafi verið á kjörskrá síðast, er vissara fyrir hann að gera það, því að nafn getur hæglega fallið úr af skránni. Eins og allir vita, missir nú enginn lengur atkvæðisrétt, þótt hann hafi þegið framfærslustyrk. Það fékk Alþýðuflokkurinn afnumið. Eins fékk hann lækkaðan kosningaaldurinn úr 25 og 35 árum niður í 21 ár.

Pá geta menn átt kosningarátt og komist á kjörskrá, þótt þeir hafi ekki verið skráðir á manntalið, en þá þurfa þeir að sanna, t. d. með vottorði húsráðanda, að þeir hafi verið heimilisfastir í kjördæminu, þegar kjörskrá var samin (þ. e. nú i febrúar síðastl.).

Með kærum yfir kjörskrá þurfa að fylgja rök og gögn fyrir því, að kjósandi eigi að vera á kjörskrá, eða eigi ekki að vera þar, ef kært er yfir að nafni sé ofaukið á hana. Kjörskrárkærur eru teknar fyrir á bæjarstjórnarfundi ekki síðar en 2 vikum fyrir kjördag (nú t. d. fyrir 6. júní). Þangað skulu kærendum kvaddir, og mega þeir leiða vitni máli sinu til sönnunar. Síðan úrskurðar bæjarstjórn um kærurnar, kjör-

skráin er leiðrétt, og gengið frá henni þannig, og er eftir það ekki hægt að gera neina breytingu á henni, nema dómur sé á undan genginn.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans, hver sem hún er, yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarveru eða annara forfalla hefir ekki átt kost á að koma fram með kærur út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, ef það varðar hann sjálfan. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál, og er hlutaðeigandi dómara skyld að hraða málínun, svo að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum, þegar sækjandi málins leggur fram eftirrit af honum.

Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða inni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maðurinn er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en inni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningaráttar síns.

## Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjör-

fundar, eftir þeim reglum, sem settar eru í kosningalögunum.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns) eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um horð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgogn, enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

Peir kjósendur, er neyta vilja kosningaréttar síns utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 4 vikur eða slytti tími er til kjördags (nú eftir 23. maí), en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett. Enginn má við sömu alpingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil.

Pegar kjósandi á kosningarétt utan Reykjavíkur, fer kosningin svo fram, að kjósandinn ritar eigin hendi með ritblýi á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Pegar kjósandi á kosningarétt í Reykjavík, ritar hann á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, t. d. aðeins A eða B o. s. frv., og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Ef kjósandi utan Reykjavíkur vill kjósa landslista, ritar hann einnig aðeins bókstaf listans á kjörseðilinn (A eða B o. s. frv.). Kjósandi í Reykjavík ritar þó Landslisti framan við listabókstafinn (t. d. Landslisti A eða Landslisti B o. s. frv.).

Sá, er greiða vill atkvæði utan kjörfundar, skal hjá kjörstjóra (í Reykjavík hjá lögmanni) fá afhent tölusett fylgibréf með áfostum kjörseðli og síðan aðstoðarláust, í einrúmi og án þess, að nokkur maður sjái, rita

atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur. Kjörstjóri útfyllir því næst vottorðið á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt, né losa hann frá fylgibréfinu.

Pegar gengið hefir verið frá fylgibréfinu, skal kjósandi láta það með kjörseðlinum áfostum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík lögmanns), þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi. — Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjöseðil í hans stað.

Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu á póst.

Peir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (lögmanni) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Nú er kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og skilið eftir atkvæði sitt hjá hreppstjóra, sýslumann, bæjarfógeta eða lögmanni, eða sent það til þeirra eða komið því á annan hátt til undirkjörstjórnar, staddur á kjörstaðnum á þeim tíma, er kjörfundur stendur yfir, þ. e. innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar, og er hann þá skyldur að tilkynna nærvetu sína áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Getur

hann þá greitt atkvæði á kjörfundinum, en utankjörfundarseðill hans kemur þá ekki til greina við kosninguna.

### Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

er eins einföld og verða má. Kjósandi kemur inn í kjörstofuna, segir nafn sitt, og ef hann er á kjörskrá, er honum afhentur kjörseðillinn. Hann gengur síðan með hann inn í kjörklefann, þar sem enginn sér til, og gerir með blýantinum, sem hann finnur þar, kross (X) fyrir framan nafn (í kjördæmi utan Reykjavíkur) þess frambjóðandans eða frambjóðendanna, ef two á að kjósa, eða (í Reykjavík) fyrir framan bökstaf þess lista, sem hann vill kjósa.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustaffinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, tölurnar 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja, o. s. frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Sé frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim lista, er hann kýs, sem hann vill hafna, strikar hann yfir nafnið eða nöfnin.

Ef landslisti eða landslistar eru í kjöri, og kjósandi vill greiða landslista atkvæði, en ekki frambjóðanda í kjördæmi, eða í Reykjavík ekki lista kjördæmisins, setur hann kross fyrir framan bökstaf þess landslista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir þetta.

Þegar um kosningar utan Reykjavíkur er að ræða, má hann ekki strika yfir nafn neins frambjóðandans, og við kosningar í Reykjavík má hann ekki hagga neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki

strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

Þegar um landslista er að ræða, má kjósandi ekki gera hvortveggja, að kjósa frambjóðanda og landslista, heldur annað hvort frambjóðanda eða landslista, og í Reykjavík ekki hvortveggja lista kjördæmisins og landslista, heldur annaðhvort lista kjördæmisins eða landslista. Greiði hann landslistanum atkvæði, má hann ekki hagga neitt við þeim hluta kjörseðilsins, sem nöfn frambjóðendanna standa á, eða í Reykjavík lista-kjördæmisins.

Þegar kjósandi hefir gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framanskráðu, brýtur hann seðinn i sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr kjörklefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður jafnvel, þó að hann skili auðum seðli.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi faer um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli.

### Skiptið þér yður ekki af pólitík?

Hér hafa nú verið rakin helztu ákvæði kosningalaganna sem snerta kjósendar og hverjum manni getur verið nauðsynlegt að þekkja, ef hann vlli neyta atkvæðisréttar sín.

En ef til vill segið þér sem svo, að þér hafið engan áhuga á pólitík og kjósið þess vegna ekki 20. júní?

En hafið þér ekki áhuga á að yður liði sem bezt, að þér hafið stöðuga og særilega launaða atvinnu?

En atvinnu yðar og launin fyrir hana er beinlinis undir því komin, hverjir stjórna landinu, og þá hljótið þér að neyta þess réttar, sem þér hafið til að hafa áhrif á stjórn landsins með því að greiða atkvæði á kjördegi.

Þér hafið áhuga á að hafa nóg til fædis og klæðis, eiga þægilegt heimili, hafa möguleika til að afla yður menntunar, njóta frelsis og mannréttinda. En þeir, sem stjórna landinu, hafa áhrif á það, hvort og að hve miklu leyti þér njótið alls þessa.

Ef einhver ætlaði að taka af yður helming tekná yðar eða eigna, þá munduð þér risa upp til varnar. En þeir flokkar og menn sem stjórna landinu geta ef til vill svípt yður helming launa yðar og eigna á fullkomlega löglegan hátt, t. d. með því að LÆKKA GENGI ÍSLENZKU KRÓNUNNAR, og þér hafið ef til vill gefið þeim réttinn til þess, með því að sitja heima á kjördegi og segja, að þér hafið engan áhuga á pólitík og skiptið yður ekki af henni.

Þér viljið vafalaust, að sem flestum liði vel, þér viljið ekki, að fátækt og eymd eigi sér stað á Íslandi, að gamalmenni, öryrkjar, blindir og sjúkir liði neyð. Þér viljið bæta kjör hinna bágstöddu, eins og framast er unnt. Þetta er skylda þeirra manna og flokka, sem stjórna landinu, en hafa þeir viljann til þess?

Þér verðið að kynna yður það.

### Hvað gerir Alþingi og hvernig er það skipað?

Alþingi er skipað fulltrúum allrar íslenzku þjóðarinnar. Hlutverk þess er að efla og auka hag alþjóðar, en hvernig það hlutverk er rækt fer á hverjum tíma eftir því, hvaða stjórmálaflokkar hafa meiri hluta á

Alþingi, því þeir eiga að haga sér samkvæmt þeirri stefnu og þeim tillögum, sem þeir hafa lagt fram fyrir þjóðina og lofað að stjórna eftir.

Þeir fá FULLT UMBOÐ til að stjórna landinu í 4 ár samfleyytt eftir sinni stefnu. Þeir fá fullt umboð og vald til að setja ný lög og breyta lögum, leggja á skatta og önnur opinber gjöld.

Þeir flokkar, sem verða í minni hluta á Alþingi hafa hverfandi áhrif á stefnu hinna, sem eru í meiri hluta. Og alþýðan í landinu getur nauðalítil áhrif haft á það, hvernig landinu er stjórnad, nema með atkvæðum sínum á kjördegi.

Svo stórkostlega þýðingu hafa alþingiskosningarnar. Kjósendur leggja hagsmuni sína og sinna og lífsafkomu um ókomin ár að miklu leyti á vald þeirra flokka — eða fulltrúa þeirra — sem fá meiri hluta á Alþingi.

Á Alþingi því, sem setið hefir síðan 1934, hafa 4 flokkar átt fulltrúa: Alþýðuflokkurinn 10 (hann hefði að réttu lagi átt að hafa 15 eftir atkvæðamagni sínu), Framsóknarflokkurinn 15. Þessum flokkum hafa fylgt að flestum málum 2 þingmenn utan flokka, Ásgeir Ásgeirsson (sem nú er genginn opinberlega í Alþýðuflokkinn) og Magnús Torfason. Pessir 27 fulltrúar hafa myndað meiri hluta á Alþingi og stutt ríkisstjórn Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins.

Í minni hluta á Alþingi hafa verið 20 fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og 2 fulltrúar Baendaflokksins.

### Hvaða flokkar taka þátt í kosningunum 20. júní?

Í kosningunum 20. júní taka þátt þeir 4 flokkar, sem fulltrúa hafa átt á Alþingi og nú voru taldir, en auk þeirra kommúnistar og nazistar. Hvorugur þeirra

flokka hefir þó svo mikið fylgi í nokkru kjördæmi, að þeir geti fengið fulltrúa á Alþingi og eru þess vegna a. m. k. enn gersamlega þýðingarlausir.

En í raun og veru eru það ekki 6 og ekki einu sinni 4 flokkar, sem taka þátt í kosningunum, heldur aðeins 2, vegna þess að grundvallarstefnurnar, sem eigast við í stjórnmálum hér á Íslandi sem annarsstaðar eru aðeins tvær: Jafnaðarstefnan eða stefna Alþýðuflokkssins á ihaldsstefnan eða stefna borgaralegu flokksanna. Þetta viðurkenna bæði jafnaðarmenn og ihaldsmenn og í raun og veru allir.

Bændaflokkurinn og nazistar (sem kalla sig þjóðernissinna) hafa líka við þessar kosningar viðurkennt þetta. Sjálfstæðisflokknum, sem ekki telur sig hafa neinar likur til að fá hreinan meiri hluta einn, hefir tekit að fá báða þessa flokka í kosningabandalag við sig. Þessi flokkasamsteypa, sem þessir þrír flokkar nefna „Breiðfylkingu Íslendinga gegn sósialismanum“ hefir sameiginlega frambjóðendur í öllum kjördæmum nema 4.

## Í hverju greinir flokkana á?

Stefnu ihaldsflokkanna hefir Jón heitinn Þorláksson einu sinni lýst á þessa leið:

„Það eru venjulega hinir efnaðri borgarar í hverju þjóðfélagi, sem fylla ihaldsflokkinn. Þeir eru ánægðir með sinn hag, og finna þess vegna ekki að þörf sé breytinga eða bóta á hag þjóðarinnar og vilja ekki láta heimta af sér skatta í því skyni. Framfara- og umbóta-flokkana skipa aftur þeir efnalitlu, sem finna, að þjóðfélagið þarf að gera margt og mikið til þess að bæta lífsskilyrði alþýðunnar; sömu stefnu fylgja og þeir meðal efnaðri manna, sem einblína ekki á sína eigin

pyngju, heldur hafa hag þjóðarinnar í heild sinni fyrir augum.

Íhaldsmenn semja í öllum löndum stefnuskár sínar þannig, að þær gangi sem bezt í augu almennings, því að á því veltur fylgið. Þess vegna segja þeir ekki:

Við viljum enga nýja vegi, ekki talsíma, ekki járnbrautir, ekki hafnir, kærum okkur ekki um alþýðuskóla, járnbrautir, hafnir eða annað slikt, sem hún litið fylgi. Þeir segja sem svo: Við viljum fara sparlega með landsfé, við viljum styðja gætilega fjármálastefnu, við viljum ekki hleypa okkur í skuldir. Þeir vita það ofurvel, að ef þeir geta passað, að þjóðin komist ekki í landssjóönn, þá fær þjóðin hvorki alþýðuskóla, járnbrautir, hafnir eð að annað slikt, sem hún telur sig þurfa, en þeir, íhaldsmennirnir, halda, að hún geti án verið.

Þetta er eyrnamark reglulegs afturhalddsflokks, hverju nafni sem hann kýs að nefna sig. VANTRÚ Á LANDINU, að það svari arði, ef synir þess vilja kosta upp á að hlynna að því, og VANTRÚ Á ÞJÓÐINNI, að hún sé fær um að nota sér þær lyftistengur á leiðinni til hagseldar og sjálfstæðis, sem aflmestar hafa reynzt annarsstaðar. — — —“

Stefna Alþýðuflokkssins er að breyta skipulaginu friðsamlega, en sem fljótast, með samþykki fólksins, sem sér ókostí þess gamla og smátt og smátt kosti annars og betra skipulags, kosti, sem koma fram í umbótum á þjóðskipulaginu sem við búum við, sem flokkrinn hefr þegar komið fram og vill enn auka, svo sem þeim, að atvinnumálunum og fjármálunum sé stjórnæld skynsamlega með hag hins vinnandi fólks fyrir augum í þeim tilgangi, að hafa atvinnu sem mesta, meiri og betri tryggingum sé komið á fyrir sjúka, öryrkja og gamalmenni. Flokkurinn ætlast til, að þegar reynsla er fengin af þessum umbótum, sjái fólk að

hægt er að breyta skipulaginu öllu í nýtt og betra horf á friðsamlegan hátt. Hann viðurkennir líka eignarrétt einstaklinganna og þýðingu einkaframtaks og frjálsrar samkeppni, en með þeirri takmörkun, að ekkert af þessu megi skaða þjóðarheildina.

### Árferðið á kjörtímabilinu 1934—37.

Þegar dæma á um stjórn landsins verður ekki hjá því komist að taka tillit til árferðisins sem verið hefir á stjórnartímabilnu.

Því verður ekki neitað, að árferðið undanfarin ár hefir að ýmsu leyti verið eithvert hið erfiðasta sem yfir landið hefir gengið í seinni tíð. Aðalmarkaðirnir fyrir höfuðútflutningsvöru þjóðarinnar hafa lokast og fiskaflinn hefir síðustu 2 árin verið minni en í heilan mannsaldur. Sildaraflinn brást 1935, harðindi og fóðurskortur var á Norður- og Austurlandi 1936, jarðskjálftar ollu miklu tjóni 1934, ofviðri stórköðum sama ár og Deildartunguvekin hefir drepið um 8000 fjár fyrir baendum. Til þess að bæta úr þessum síðast-töldu áföllum hefir stjórnin varið nærrí 1 milljón kr. En aðalskaðinn fyrir þjóðina stafar þó af markaðshruninu og aflaleysinu. Útflutningurinn til Spánar hefir minkað um 14 milljónir króna og fiskaflinn var í fyrra og í ár meira en helmingi minni en áður en stjórnin tók við. Hafa sjómenn og verkafólk við þetta misst tekjur sem nema  $7\frac{1}{2}$  milljón kr. Það þýðir að 3500 fjölskyldur hefðu misst atvinnuna, ef stjórnin hefði ekkert gert til að bæta þeim það upp. Auk þess hefir vinnandi fólk fjlölgæð um 3000 á þessu timabili, sem stjórnin hefir setið að völdum og það hefir þurft að útvega öllu því fólkri atvinnu.

### Hvað hefir stjórnin og þingið gert?

Það er ómögulegt að neita því að stjórnin og þingið hafa gert margt til að ráða bót á þessum vandræðum. Stjórnin hefir aukið atvinnuna við sildveiðirnar með því að hækka sildarverðið til sjómanna og bæta við nýjum verksmiðjum. Hafa miklu fleiri en áður fengið atvinnu við sildina. Auk þess hafa mörg hundruð manna fengið atvinnu við karfaveiðar og karfavinnslu, hraðfrystingu og herðingu, ufsaveiðar, rakjuveiðar, niðursuðu, hvalveiðar og margt fleira. Auk þess hefir stjórnin varið meiru fé til vegagerða, brúagerða og annara verklegra framkvæmda ríkisins en flestar stjórnir áður. En mest hefir munað um iðnaðinn, sem mikið hefir verið hlúð að. Heilar nýjar iðngreinar hafa risið upp, framleitt vörur í landinu, sem áður voru fluttar inn og veitt við það atvinnu hundruðum ef ekki þúsundum manna.

### Hafa skattar og tollar á almenningi hækkað?

Mikið hefir verið um það talað, að skattar og tollar hafi hækkað í tið núverandi stjórnar, en þegar betur er að gætt er þetta þó ekki rétt. Skattar og tollar til ríkisins voru í góðærinu, þegar Jón Þorláksson var við stjórn, 120 kr. á hvert mannsbarn í landinu, en eru þó nú ekki nema 105 kr. á mann. Mörgum mun þó finnast skattarnir þyngrí nána, en það kemur til af því, að útsvörin til bæjarfélaganna, sérstaklega í Reykjavík hafa hækkað mjög tilfinnanlega.

Hinsvegar er það rétt, að tollar á ýmsum vörum hafa hækkað, en það er ekki á neinum nauðsynjavörum, og á sumum vörum, sem almenningur notar mjög mikið af, svo sem kaffi og sykri, hefir tollurinn beinlinis verið lækkaður.

## Hvers vegna slitnaði upp úr samvinnu stjórnarflokkanna?

Hvað sem öðru liður neitar enginn því að hagur bænda hefir stórbatnað á þessum árum. Þeir fá nú miklu meira fyrir kjötið og mjólkina, og er það að þakka lögnum um kjöt- og mjólkursölu, sem þingið setti. Það hefir verið reiknað út að bændur fái nú 6—7 milljum kr. meira fyrir sínar vörur en síðasta árið áður en stjórnin tók við.

En ástandið hjá fólk í bæjunum og þorpunum við sjávarsíðuna er auðvitað ekki gott, þó stjórnin hafi gert talsvert mikið fyrir það, vegna þess að aflaleysið hefir verið svo gifurlegt tvö síðustu árin, en vitanlega er ekki hægt að kenna stjórninni um það með neinni sanngirni. Spurningin er, hvort stjórnin hefði ekki átt að gera meira fyrir fólköð við sjávarsíðuna, enda slitnaði upp úr samvinnu stjónarflokkanna út af því. Alþýðuflokkurinn, sem er fyrst og fremst flokkur vinnandi fólks í bæjunum og þorpunum, vildi halda áfram og gera það sama fyrir fólköð við sjávarsíðuna og búið var að gera fyrir bændurna. Hann vildi auka iðnaðinn, kaupa nýja togara, byggja fleiri sildar- og karfaverksmiðjur og hraðfrystihús og styrkja sjómenn til að fá sér ný veiðarfæri, sem ekki hafa verið reynd áður.

Framsóknarflokkurinn var tregur til að vera með þessu að svo stöddu, en þó telja flestir vist, að flokkarnir muni koma sér saman um þetta, ef þeir taka við stjórninni aftur eftir kosningarnar, einkum ef Alþýðuflokkurinn verður þá stærri en Framsókn.

## Hvernig fá flokkarnir uppbótarþingsæti?

Kjördæmin á Íslandi eru 27. Í þeim eru kosnir 38 þingmenn, í Reykjavík 6 með hlutfallskosningu, í 6 tvímenningsskjördæmum 12 og í 20 einmenningskjördæmum 20 með meirihlutakosningu. Þegar landskjörstjórn hafa borizt skýrslur um kosningar í þessum 27 kjördæmum úthlutar hún allt að 11 uppbótarþingsætum til jöfnunar milli flokkanna, sem komið hafa að manni eða mönnum í kjördæmunum, þannig að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við samanlagða atkvæðatölu sína í kjördæmunum. Flokkur, sem engum þingmanni kemur að í kjördæmi, fær enga uppbót. Þannig fór um kommúnista og nazista við síðustu kosningar.

Uppbótarþingsætunum er úthlutað þannig, að fyrst er tekinn sá flokkur, sem flesta þingmenn hefir fengið kosna miðað við atkvæðatölu sína og hefir því fæst atkvæði á hvern kosinn þingmann. Síðast var það Framsóknarflokkurinn. Hann fékk 15 þingmenn kosna í kjördæmum, en nærrí því alveg sömu atkvæðatölu og Alþýðuflokkurinn, sem fékk ekki nema 5 kosna í kjördæmum. Hver Framsóknar-þingmaður hafði ekki nema  $758\frac{1}{2}$  atkvæði að meðaltali. Sú tala var hlutfallstala kosninganna 1934 og hefði réttilega átt að úthluta uppbótarþingsætum þangað til enginn flokkur hefði haft meira en  $758\frac{1}{2}$  atkv. á þingmann, þá hefði Alþýðuflokkurinn fengið 15 þingmenn, en þá hefðu uppbótarþingsætin þurft að vera 26, en þau mega ekki vera fleiri en 11.

Þess vegna er nú fundið hve mörg uppbótarþingsæti hver þingflokkur skuli hljóta með því að deila í atkvæðatölu hans með tölu þingmanna flokksins kosinna í kjördæmum, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o. s. frv. Uppbótarþingsætunum er síðan úthlutað til

flokkanna eftir útkomunni við þessar deilingar, þannig að fyrsta uppbótarþingsætið fellur til þess þingfloks sem hæsta á útkomuna, annað til þess sem á hana næst hæsta, og síðan áfram eftir hæð útkomu-talnanna, unz öll sætin 11 eru uppgengin eða síðustu útkomurnar geta ekki orðið jafnari hlutfallstölunni. Það getur vit-anlega stundum komið fyrir, þ. e. ekki þurft 11 uppbótarþingsæti. Eftir það er svo ákveðið, **hverjir fram-bjóðendur** flokkanna, sem ekki hafa náð kosningu í kjördæmi, skuli fá uppbótarþingsæti. Fyrstur kemur sá, sem hefir hæsta persónulega atkvæðatolu, annar verður sá, sem að honum frágengnum hefir hæsta atkvæðatolu í hlutfalli við gild atkvæði í sinu kjördæmi (þó kemur aldrei nema einn uppbótarþingmaður úr hverju kjördæmi hjá hverjum flokki), þriðji verður sá, sem flokkur hans hefir raðað fyrstum á landslista, fjórði sá, sem hefir hæsta atkvæðatolu þeirra sem eftir eru, fimmti, sem hefir hana hlutfallslega hæsta, sjötti, sá sm er næstefstur á röðuðum landslista o. s. frv.

## KOSNINGAÚRSLIT Í ÖLLUM KJÖRDÆMUM 1934 OG 1937

## Kosningaúrslitin í hverju kjördæmi.

\* þýðir: Sat á síðasta þingi.      () þýðir: Frambjóðandi síðast.

	1934			1937		
	Persónul. atkv.	Atkv. á landslista	Samtals	Persónul. atkv.	Atkv. á landslista	Samtals
<b>Frambjóðendur í kjördæmunum</b>						
<b>Einmenningskjördæmi</b>						
<b>Hafnarfjörður</b>						
* Emil Jónsson A (sami) .....	1019	45	1064			
Bjarni Snæbjörnsson S (Þorl. Jónsson) .....	719	62	781			
Landslisti Komm. (Björn Bjarnason) .....	30	1	31			
— Bændafl. .....	—	5	5			
— Framsóknarfl. .....	—	7	7			
Gild atkvæði alls .....	1768	120	1888			
Auðir 18. Ógildir 7. Greidd atkv. alls	—	—	1913			
<b>Ísafjörður</b>						
* Finnur Jónsson A (sami) .....	681	20	701			
Bjarni Benediktsson S (Torfi Hjartarson) .....	521	13	534			
Landslisti Bændafl. .....	—	1	1			
— Framsóknarfl. .....	—	3	3			
— Komm. (Egg. Þorbj.) .....	68	1	69			
Gild atkvæði alls .....	1270	38	1308			
Auðir 11. Ógildir 6. Greidd atkv. alls	—	—	1325			
<b>Vestmannaeyjar</b>						
* Páll Þorbjörnsson A (sami) .....	378	10	388			
* Jóh. P. Jósefsson S (sami) .....	764	21	785			
<b>Ísleifur Högnason K (sami)</b> .....						
(Óskar Halldórsson P) .....	298	3	301			
Guðl. Br. Jonsson U .....	64	—	64			
—	—	—	—			
Landslisti Bændafl. .....	—	3	3			
— Framsóknarfl. .....	—	18	18			
Gild atkvæði alls .....	1504	55	1559			
Auðir 3. Ógildir 3. Greidd atkv. alls	—	—	1565			
<b>Seyðisfjörður</b>						
* Haraldur Guðmundsson A (sami) .....	288	6	294			
Guðm. Finnborgason S (Lárus Jóhannesson) .....	215	4	219			
Landslisti Bændafl. .....	—	2	2			
— Framsóknarfl. .....	—	3	3			
— Komm. (Jón Rafnsson) .....	26	1	27			
Greidd atkvæði alls .....	529	16	545			
Auðir 2. Ógildir 7. Greidd atkv. alls	—	—	554			
<b>Akureyri</b>						
* Jón Baldvinsson A (Erl. Friðjónsson) .....	227	21	248			
Sig. E. Hlíðar S (Guðr. Ísberg) .....	883	38	921			
Árni Jóhannesson F (sami) .....	312	25	337			
Steingrímur Áðalssteinsson K (Einar Olgeirsson) ...	640	9	649			
Landslisti Bændafl. .....	—	9	9			
Gild atkvæði alls .....	2062	102	2164			
Auðir 1. Ógildir 9. Greidd atkv. alls	—	—	2174			
<b>Gullbr.- og Kjósarsýsla</b>						
Sigfús Sigurhjartarson A (sami) .....	264	45	309			
* Ólafur Thors S (sami) .....	1186	54	1240			

Kosningaúrslit í hverju kjördæmi (frh.).

	1934			1937		
	Persónul. atkv.	Atkv. á landslista	Samtals	Persónul. atkv.	Atkv. á landslista	Samtals
<b>Gullbr.- og Kjósarsýsla (frh.).</b>						
Haukur Björnsson K (Hjörtur B. Helgason) .....	41	7	48			
Finnbogi Guðmundsson P (sami) .....	84	—	84			
Landslisti Bændafl. (Jónas F. Björnss.)	26	5	31			
— Framsóknarfl. (Klem. Jónss.)	166	21	187			
Gild atkvæði alls .....	1767	132	1899			
Auðir 5. Ógildir 13. Greidd atkv. alls	—	—	1917			
<b>Borgarfjarðarsýsla</b>						
Guðjón B. Baldvinsson A (sami) .....	187	46	233			
*Pétur Ottesen S (sami) .....	583	19	602			
Sigurður Jónasson F (Jón Hannesson) .....	229	7	236			
Ingólfur Gunnlaugsson K .....	—	—	—			
Landslisti Bændafl. (Eiríkur Albertsson)	117	10	127			
— Komm. ....	—	6	6			
Gild atkvæði alls .....	1116	88	1204			
Auðir 9. Ógildir 14. Greidd atkv. alls	—	—	1227			
<b>Mýrasýsla</b>						
*Bjarni Ásgeirsson F (sami) .....	474	7	481			
*Porsteinn Porsteinsson S (Gunnar Thor) .....	391	7	398			
<b>Einar Magnússon A (Arngr. Kristjánsson) .....</b>						
Landslisti Bændafl. (Pétur Pórðars.) ..	15	6	21			
— Komm. (Guðjón Bened.) ...	31	7	38			
—	40	—	40			
Gildir atkvæði alls .....	951	27	978			
Auðir 20. Ógildir 22. Greidd atkv. alls	—	—	980			
<b>Snæfellsnessýsla</b>						
Kristján Guðmundsson A (Jón Baldvinsson) .....	307	23	330			
*Thor H. Thors S (sami) .....	779	14	793			
Pórir Steinþórsson F (sami) .....	351	5	356			
Eiríkur Albertsson B (Sig. E. Ólason) .....	83	8	91			
Landslisti Komm. ....	—	11	11			
Gildir atkvæði alls .....	1520	61	1581			
Auðir 10. Ógildir 24. Greidd atkv. alls	—	—	1615			
<b>Dalasýsla</b>						
Alexander Guðmundsson A (Kr. Guðm.) .....	32	3	35			
*Porsteinn Briem B (sami) .....	259	1	260			
Hilmar Stefánsson F (Jón Árnason) .....	143	3	146			
Jón Sivertsen U .....	—	—	—			
Landslisti Sjálfstæðisfl. (Porst. Porst.) ..	343	1	344			
Komm. ....	—	2	2			
Gild atkvæði alls .....	777	10	787			
Auðir 5. Ógildir 9. Greidd atkv. alls	—	—	801			
<b>Barðastrandarsýsla</b>						
*Sigurður Einarsson A (sami) .....	282	10	292			
*Bergur Jónsson F (sami) .....	500	8	508			

Kosningaúrslit í hverju kjördæmi (frh.).

	1934			1937		
	Persónul. atkv.	Atkv. á landslista	Samtals	Persónul. atkv.	Atkv. á landslista	Samtals
<b>Barðastrandersýsla (frh.).</b>						
Gísli Jónsson S (Jónas Magnússon) .....	256	10	266			
Hallgrímur Hallgrímsson K (sami) .....	67	3	70			
Landslisti Bændafl. (Hákon Kristófers.)	126	14	140			
Gild atkvæði alls .....	1231	45	1276			
Auðir 10. Ógildir 3. Greidd atkv. alls	-	-	1289			
<b>Vestur-Ísafjarðarsýsla</b>						
*Ásgeir Ásgeirsson A (sami U) .....	491	-	491			
(Gunnar M. Magnússon A) .....	153	11	164			
*Gunnar Thoroddsen S (Guðm. Ben.) .....	197	26	223			
Jón Eyþórsson F (enginn) .....	-	47	47			
Landslisti Bændafl. ....	-	7	7			
Komm. ....	-	-	-			
Gild atkvæði alls .....	841	91	932			
Auðir 4. Ógildir 5. Greidd atkv. alls	-	-	941			
<b>Norður-Ísafjarðarsýsla</b>						
Vilm. Jónsson A (sami) .....	736	4	740			
Sigurjón Jónsson S (J. A. J.) .....	773	7	780			
 <b>Landslisti Baendaf. ....</b>						
— Framsóknarfl. ....	-	9	9			
— Komm. ....	-	4	4			
—	-	1	1			
Gild atkvæði alls .....	1509	25	1534			
Auðir 10. Ógildir 20. Greidd atkv. alls	-	-	1564			
 <b>Strandasýsla</b>						
*Hermann Jónasson F (sami) .....	358	1	359			
Pálmi Einarsson B (Tryggvi Þórhallsson) .....	248	8	256			
Landslisti Alþýðufl. ....	-	2	2			
— Sjálfstæðisfl. (Kr. Guðlaugss.)	240	4	244			
— Komm. (Bj. Kristm.) ....	28	-	28			
Gild atkvæði alls .....	874	15	889			
Auðir 10. Ógildir 3. Greidd atkv. alls	-	-	902			
 <b>Vestur-Húnavatnssýsla</b>						
Skúli Guðmundsson F (sami) .....	242	1	243			
*Hannes Jónsson B (sami) .....	263	3	266			
Landslisti Alþýðufl. ....	-	7	7			
— Sjálfst.fl. (Björn L. Björnss.)	212	3	215			
— Komm. (Ingólfur Guðm.) ...	36	1	37			
Gild atkvæði alls .....	753	15	768			
Auðir 5. Ógildir 6. Greidd atkv. alls	-	-	779			
 <b>Austur-Húnavatnssýsla</b>						
Jón Sigurðsson A (sami) .....	29	4	33			
*Jón Pálmason S (sami) .....	449	5	454			
Jón Jónsson i Stóradal B .....	329	5	334			

Kosningaúrslit í hverju kjördæmi (frh.).

	1934			1937		
	Personul. atkv.	Atkv. á landslista	Samtals	Personul. atkv.	Atkv. á landslista	Samtals
<b>Austur-Húnnavatnssýsla (frh.).</b>						
Hannes Pálsson F .....	213	3	216			
Landslisti Komm. (Erl. Erlingsen) ....	15	2	17			
Gild atkvæði alls .....	1035	19	1054			
Auðir 5. Ógildir 9. Greidd atkv. alls	—	—	1068			
<b>Suður-Pingeyjasýsla</b>						
Arnór Sigurjónsson A (Sigurjón Friðjónsson) .....	66	16	82			
* Jónas Jónsson F (sami) .....	1052	41	1093			
Kári Sigurjónsson S (sami) .....	286	17	303			
Aðalbjörn Pétursson K (sami) .....	154	19	173			
Arni Jakobsson B (Hallgr. Porb.) .....	68	28	96			
Gild atkvæði alls .....	1626	121	1747			
Auðir 5. Ógildir 8. Greidd atkv. alls	—	—	1760			
<b>Norður-Pingeyjasýsla</b>						
Oddur A. Sigurjónsson A (Benj. Sigv.) .....	29	3	32			
* Gisli Guðmundsson F (sami) .....	453	11	464			
Jóhann Hafstein S (Sveinn Ben.) .....	298	—	298			
Elisabet Eiriksdóttir K (Ásgeir Bl. Magnússon) .....	30	2	32			
<b>Benedikt Gislason B (Jón Sigfusson) .....</b>						
Gild atkvæði alls .....	19	3	22			
Auðir 6. Ógildir 1. Greidd atkv. alls	829	19	848			
—	—	—	855			
<b>Austur-Skaftafelssýsla</b>						
Eiríkur Helgason A (sami) .....	40	—	40			
* Þorbergur Þorleifsson F (sami) .....	297	2	299			
Brynleifur Tobiasson B (Pálmi Einarsson) .....	153	2	155			
Landslisti Sjálfst.fl. (Stefán Jónsson) .....	93	3	96			
Komm. .....	—	4	4			
Gild atkvæði alls .....	583	11	594			
Auðir 0. Ógildir 3. Greidd atkv. alls	—	—	597			
<b>Vestur-Skaftafelssýsla</b>						
Ármann Halldórsson A (Óskar Sæmundsson) .....	40	11	51			
* Gisli Sveinsson S (sami) .....	422	1	423			
Lárus Helgason B (sami) .....	229	2	231			
Helgi Lárusson F (Guðgeir Jóhannsson) .....	141	2	143			
Landslisti Komm. .....	—	6	6			
Gild atkvæði alls .....	832	22	854			
Auðir 13. Ógildir 5. Greidd atkv. alls	—	—	872			

Kosningaúrslitin í hverju kjördæmi (frh.).

Tvímenningeskjördæmi	1934				1937			
	Pers. atkv.		Atkv. á landslista	Samtals	Persónuleg atkv.		Atkv. á landslista	Samtals
	Einn	Með öðrum			Einn	Með öðrum		
<b>Skagafjarðarsýsla</b>								
*Sigfús Jónsson F (sami) .....	7	904	—	911				
Steingrimur Steinþórsson F (sami) .....	7	891	—	898				
*Magnús Guðmundsson S (sami) .....	7	923	4	934				
*Jón Sigurðsson S (sami) .....	5	902	4	911				
Landslisti Alþýðufl. (Pétur Jónsson) (Kristinn Gunnlaugsson) .....	—	34	2	36				
— Baðnafl. (Magnús Gislason) .....	—	32	2	34				
— Komm. (Pétur Laxdal) ... (Elisabet Eiríksdóttir) ...	21	36	8	65				
Gild atkvæði alls .....	53	1907	14	1974				
Auðir 5. Ógildir 13. Greidd atkv. alls	—	—	—	1992				
<b>Eyjafjarðarsýsla</b>								
Barði Guðmundsson A (sami) .....	39	302	30	371				
Erfendur Þorsteinsson A (Halld. Friðj.) ....	11	262	30	303				
*Bernharð Stefánsson F (sami) .....	24	1280	15	1319				
*Einar Árnason F (sami) .....	18	1219	15	1252				
*Garðar Þorsteinsson S (sami) .....	32	848	37	917				
(Einar G. Jónasson S) .....	11	857	37	905				
Stefán Stefánsson B (sami) .....	3	342	3	348				
 (Pétur E. Stefánsson B) .....								
Gunnar Jóhannsson K (sami) .....	22	225	15	262				
Þróðdur Guðmundsson K (sami) .....	4	218	15	237				
Gild atkvæði alls .....	171	2922	100	3193				
Auðir 12. Ógildir 21. Greidd atkv. alls	—	—	—	3226				
 <b>Norður-Múlasýsla</b>								
*Páll Hermannsson F (sami) .....	5	451	1	457				
*Páll Zophoniasson F (sami) .....	—	440	1	441				
Árni Jónsson S (sami) .....	4	380	1	385				
(Árni Vilhjálmsson) S .....	1	348	1	350				
Sveinn Jónsson, Egilsstöðum B .....	—	—	—	—				
(Halldór Stefánsson) B .....	8	241	5	254				
(Benedikt Gislason) B .....	1	213	5	219				
Landslisti Alþfl. (Skúli Þorsteinsson) Komm. (Sigurður Árnason) (Aki H. Jakobsson) ....	12	50	2	64				
Gild atkvæði alls .....	34	1097	12	1143				
Auðir 4. Ógildir 8. Greidd atkv. alls	—	—	—	1155				
 <b>Suður-Múlasýsla</b>								
*Jónas Guðmundsson A (sami) .....	52	480	32	564				
Friðrik Steinsson A (Ól. P. Kristjánsson) ...	—	346	32	378				
*Eysteinn Jónsson F (sami) .....	18	1037	7	1062				
*Ingvar Pálmason F (sami) .....	5	935	7	947				
Magnús Gislason S (sami) .....	19	650	10	679				

Kosningaúrslit í hverju kjördæmi (frh.).

Suður-Múlasýsla (frh.)	1934				1937			
	Pers. atkv.				Persónuleg atkv.			
	Einn	Með öðrum	Akv. á landslista	Samtals	Einn	Með öðrum	Akv. á landslista	Samtals
Kristján Guðlaugsson S (Árni Pálsson) ....	5	588	10	603				
Arnsinnur Jónsson K (sami) .....	8	125	8	141				
Ludvik Jósefsson K (Jens Figved) .....	-	108	8	116				
Landslisti Bændafl. (Sveinn Jónss.) (Ásgeir L Jónsson) ....	5	76	3	84				
	1	45	3	49				
Gild atkvæði alls .....	113	2195	60	2368				
Auðir 15. Ógildir 12. Greidd atkv. alls	-	-	-	2395				
<b>Rangárvallasýsla</b>								
Sveinbjörn Högnason F (sami) .....	6	825	5	836				
Helgi Jónasson F (sami) .....	8	813	5	826				
*Jón Ólafsson S (sami) .....	2	850	4	856				
*Pétur Magnússon S (sami) .....	1	845	4	850				
Nikulás E. Pórðarson U .....	1	14	-	15				
Landslisti Bændafl. (Svafar Guðm.) (Lárus Á. Gíslason) ....	-	35	1	36				
	-	33	1	34				
— Alþýðufl. (Gm. Pétursson)	5	29	-	34				
— Komm. ....	-	-	2	2				
Gild atkvæði alls .....	23	1722	12	1757				
Auðir 3. Ógildir 12. Greidd atkv. alls	-	-	-	1772				
<b>Árnессýsla</b>								
Ingimar Jónsson A (sami) .....	4	227	9	240				
Jón Guðlaugsson A (sami) .....	3	165	9	177				
*Jörundur Brynjólfsson F (sami) .....	2	889	2	893				
*Bjarni Bjarnason F (sami) .....	12	877	2	891				
Eiríkur Einarsson S (sami) .....	7	828	5	840				
(Ludvik Nordal S) .....	6	719	5	730				
Þorvaldur Ólafsson B .....	-	-	-	-				
(Magnús Torfason B) .....	6	416	2	424				
(Sigurður Sigurðsson B) .....	5	278	2	285				
Landslisti komm. (Magn. Magn.) .. (Gunnar Benediktsson) ..	-	44	3	47				
	-	33	3	36				
Gild atkvæði alls .....	45	2238	21	2304				
Auðir 5. Ógildir 13. Greidd atkv. alls	-	-	-	2322				

**Heildarúrslit alþingiskosninganna**  
Atkvæðatölur flokkanna í hverju

Kjördæmi	Alþýðuflokkurinn		Framsóknarfl.		Breiðfylk-		
					Bændaflokkurinn	Sjálfst.-	1934
	1934	1937	1934	1937	1934	1937	1934
Reykjavík .....	5039		805		183		7525
Hafnarfjörður ..	1064		7		5		781
Gullbr.- og Kjós.	309		187		31		1240
Borgarfj.s. ....	233		236		127		602
Mýrasýsla .....	21		481		38		398
Snæfellsness....	330		356		91		793
Dalasýsla .....	35		146		260		344
Barðastr.sýsla ..	292		508		140		266
Vestur-Ísafj. ....	164		47		7		223
Ísafjörður .....	701		3		1		534
Norður-Ísafj. ....	740		4		9		780
Strandasýsla ...	2		359		256		244
V.-Húnnavatnss. .	7		243		266		215
A.-Húnnavatnss. .	33		216		334		454
Skagafjarðars. .	35		911 <sup>1/2</sup>		47		928 <sup>1/2</sup>
Eyjafjarðars. .	362		1306 <sup>1/2</sup>		329 <sup>1/2</sup>		932 <sup>1/2</sup>
Akureyri .....	248		337		9		921
Suður-Ping. ....	82		1093		96		303
Norður-Ping. ....	32		464		22		298
Norður-Múlas...	39		451 <sup>1/2</sup>		241		370
Seyðisfjörður ...	294		3		2		219
Suður-Múlas. ....	497		1016		69 <sup>1/2</sup>		653
A.-Skaftafellss...	40		299		155		96
V.-Skaftafellss...	51		143		231		423
Vestmannaeyjar.	388		18		3		785
Rangárvallas. .	19 <sup>1/2</sup>		838		35		854 <sup>1/2</sup>
Árnessýsla .....	212		899		360		791 <sup>1/2</sup>
Samt. allt landið	11269 <sup>1/2</sup>		11377 <sup>1/2</sup>		3348		21974

**24. júní 1934 og 20. júní 1937.**  
kjördæmi og á öllu landinu.

ingin		Kommúnista-flokkurinn		Utan flokka		Auðir atkvæðaseðlar		Ógildir atkvæðaseðlar		Atkvæði alls	
flokkur	Nazistar	1934	1937	1934	1937	1934	1937	1934	1937	1934	1937
		215	1014	—	—	59	45	14885			
		—	31	—	—	18	7	1913			
		84	48	—	—	5	13	1917			
		—	6	—	—	9	14	1227			
		—	40	—	—	2	—	980			
		—	11	—	—	10	24	1615			
		—	2	—	—	5	9	801			
		—	70	—	—	10	3	1289			
		—	—	491	—	4	5	941			
		—	69	—	—	11	6	1325			
		—	1	—	—	10	20	1564			
		—	28	—	—	10	3	902			
		—	37	—	—	5	6	779			
		—	17	—	—	5	9	1068			
		—	52	—	—	5	13	1992			
		—	262 <sup>1/2</sup>	—	—	12	21	3226			
		—	649	—	—	1	9	2174			
		—	173	—	—	5	8	1760			
		—	32	—	—	6	1	855			
		—	41 <sup>1/2</sup>	—	—	4	8	1155			
		—	27	—	—	2	7	554			
		—	132 <sup>1/2</sup>	—	—	15	12	2395			
		—	4	—	—	—	3	597			
		—	6	—	—	13	5	872			
		64	301	—	—	3	3	1565			
		—	2	—	8	3	12	1772			
		—	41 <sup>1/2</sup>	—	—	5	13	2322			
		363	3098	499	237	279	52445				



**Útgefandi: Alþýðusflokkurinn**